

Heimspeki með börnum

Kennsluleiðbeiningar með þrem þjóðsögum úr bókinni

Þjóðsögur við sjó

Vaka – Helgafell 1999

Grímseyingurinn og bjarndýrið
Björn á börn
Selshamurinn

Lundarsel
2000-2001

Bókin: Þjóðsögur við sjó

Gefin út. Af Vaka – Helgafell 1999

Þetta eru kennsluleiðbeiningar sem unnar voru í heimspekisamræðum við leikskólabörn í leikskólanum Lundarseli á Akureyri, út þrem þjóðsögum úr bókinni Þjóðsögur við sjó. Hugmyndir fylgja af ýmsum verkefnum sem hægt er að vinna út frá sögunum.

Grímseyingurinn og bjarndýrið

Bls. 102.

Eldur

- Er eldur lifandi?
- Úr hverju er eldur?
- Hvernig verður eldur til?
- Til hvers er eldur?
- Hvar er eldurinn geymdur?
- Er hægt að sækja eld?
- Hvernig er hægt að sækja eld?

- Getur eldur dáið?
- Getur allt dáið?
- Hvað getur dáið?
- Geta blóm dáið?
- Geta hús dáið?
- Geta fiskar dáið?
- Geta föt dáið?

Verkefni:

Talið er að börn yngri en fimm ára upplifi ekki dauðann sem varanlegt ástand. Þau halda að dauðinn sé afturkallanlegur. Samt er hægt að búast við því að viðbrögð barna gangvart dauðanum séu mikil. Eftir fimm ára aldur eykst skilningurinn smá saman Sbr. Gunnar Finnbogason í Sorg og sorgarviðbrögð. Áhugavert er að sjá í tengslum við heimspekisamræðu um dauðann hvernig börn á leikskólaaldri túlka hann í myndlist, leiklist eða sögugerð. Frjálsi leikurinn er sterkt tjáningarform fyrir leikskólabarnið til að túlka upplifun sína á dauðanum. Til dæmis má bjóða börnunum að fara í hlutverkaleiki, nota dúkkur og/eða einingakubba til að tjá sig með.

Logn

- Hvað er logn?
- Hvernig verður logn til?
- Hver býr til lognið?
- Getum við látið koma logn?

- Til hvers er lognið?
- Getum við fundið lognið?
- Er lognið vont eða gott?
- Er lykt af logninu?

Stormur

- Hvað er stormur?
- Hvernig vitum við að það er stormur?
- Getum við fundið storminn?
- Er stormur öðruvísi en logn?
- Hver ræður yfir storminum?

- Hver býr til storminn?
- Hvað gerir stormurinn?
- Er stormurinn vondur eða góður?
- Getum við notað storminn?
- Er lykt af storminum?

Verkefni:

Ýmis verkefni má vinna í tengslum við veðrið. Í fataherberginu má hvetja til almennrar umræðu um veðrið og hvaða klæðnaður hentar mismunandi veðurfari. Hægt væri að búa til veðurkort þar sem daglega væru settar upp myndir sem sýna veðrið eins og það er á hverjum degi. Velja skal veðurfræðing úr barnahópnum sem sér um veðurkortinu þann daginn.

Útbúið er spjald með frönskum rennilás og hitamæli þar sem hiti yfir 0° er táknað með rauðum lit en hitastig undir 0° er táknað með bláum lit. Hitamælirinn er plastaður með á veðurkortinu og því alltaf fastur á því. Útbúin er ör sem sett er á mælirinn á viðeigandi stað á hverjum degi.

Gerð eru laus spjöld sem eru táknið fyrir mismunandi veðurfar svo sem regn, snjókomu, sólskin, hvassviðri eða logn. Einnig eru útbúnar myndir fyrir klæðnað í tengslum við veðrið svo sem regnfatnað, snjógalla, húfur, vettlinga og sumfatnað. Öll spjöld og myndir eru plöstuð. Aftan á táknið og myndirnar er settur franskur rennilás til að festa þau á veðurkortinu.

Ís

- Hvað er ís?
- Hvaðan kemur ísinn?
- Hver býr til ís?
- Hvernig verður ís til?
- Er til margskonar ís?
-
- Hvað gerir ísinn?
- Er ísinn vondur eða góður?
- Getum við notað ísinn? Hvernig?
- Getur ísinn horfið? Hvernig?
- Hvað verður um ísinn ef hann hverfur?

Verkefni

Gera ýmsar tilraunir með ís og láta börnin uppgötva sjálf hvað gerist við mismunandi aðstæður.

Skoða ísinn, úr hverju er hann?

Hvernig er ís þegar það er hlýtt eða kalt úti?

Hvað gerist ef við setjum ís í fötu og förum með hann inn yfir nótt?

Skoða hvað er í fötunni daginn eftir. Skoða óhreinindin í ísnum í smásjá.

Hvað gerist ef við förum með fötuna út aftur í frost og látum standa yfir nótt. Verður þá aftur til ís?

Getum við búið til klaka? Blanda mismunandi litum út í vatn (matarlitur eða málning).

Frysta ísklumpa og móta úr þeim hvað sem börnunum dettur í hug. Setja vatn í mælikönnu og skrá hversu mikið vatn er í könnunni og hve þungt það er. Frysta vatnið og athuga hvort þyngd eða rúmmál þess hefur breyst eitthvað.

Kvíði

- Hvað er kvíði?
- Hvað gerir kvíðinn?
- Hvaðan kemur kvíðinn?
- Hver býr til kvíðann?
- Hvernig kvíðum við fyrir einhverju?
- Getum við fundið ef við kvíðum fyrir einhverju? Hvernig?

- Geta allir fundið fyrir kvíða? (Hús, mús, bók,)
- Getum við stöðvað kvíðann?
- Getum við hætt að kvíða fyrir?
- Getum við séð kvíðann?
- Er kvíði vondur eða góður?
- Er hægt að búa til kvíða?
- Er hægt að mála kvíða? (Hvernig er hann á litinn?)

Verkefni:

Hvert barn fær blað og málningu og er beðið um að mála kvíða.

Barnið er beðið um að standa fyrir framan spegil og sýna kvíða með svipbrigðum.

Furða sig á einhverju.

- Hvað er að furða sig á einhverju?
- Hvernig furðar maður sig á einhverju?
- Hvað er furðulegt?
- Hvernig veit ég að eitthvað er furðulegt?
- Er allt furðulegt?
- Er snjórinn furðulegur?

Verkefni:

Búa til eitthvað furðulegt úr frjálsum efnivið

Er það sama að furða sig á einhverju og vera hissa?

- Er Tarsan furðulegur?
- Er leikskólinn furðulegur?

Gleði

- Hvað er gleði?
- Hvaðan kemur gleðin?
- Getur einhver búið til gleði?
- Hver býr til gleðina?
- Hvernig veit ég að gleði er gleði?
- Hvenær er gleði?

- Getur maður fundið fyrir gleðinni? Hvernig?
- Getur maður ráðið yfir gleðinni?
- Er gleðin vond eða góð?
- Ef ekki er gleði, hvað er þá?
- Getur maður málað gleði?
- Getur maður sungið gleði?

Verkefni

Sjá verkefni um kvíða.

Tjá gleði með dansi.

Hlusta á tónlist og leyfa börnunum að greina á milli hvað er glöð tónlist og hvað ekki.

Nótt

- Hvað er nótt?
- Hvernig kemur nóttin?
- Hver ræður því hvort er nótt?
- Af hverju kemur nótt?
- Hver býr til nóttina?
- Af hverju kemur nótt?
-
- Getur verið bjart á næturnar?
- Getur verið ljós á næturnar?
- Getur sólin skinið á næturnar?
- Ef ekki er nótt hvað er þá?
- Er nótt sama og dagur?
- Kemur nótt hjá öllum í heiminum?

Dagur

- Hvernig er dagurinn?
- Hvernig verður dagur til?
- Af hverju kemur dagur?
- Eru dagarnir alltaf bjartir?
- Hver ræður því hvort það er nótt eða dagur?

- Hver býr til daginn?
- Hvernig er nóttin öðruvísi en dagurinn?
- Hver ræður yfir deginum?
- Er dagurinn alltaf bjartur?
- Getur tunglið skinið á daginn?
- Kemur dagur hjá öllum í heiminum?
- Er ljós á daginn?

Verkefni:

Spegill er settur í vatn, ljósi beint á hann og regnboginn varpast á vegg.

Búa til skuggaleikhús þar sem unnið er með ljós og skugga sbr. dag og nótt.

Búa til úr pappamassa sól og tungl.

Mála nótt og dag.

Leika nótt og dag.

Búa til sögu/ljóð um sólina eða tunglið. Leika söguna eða ljóðið t.d. í skuggaleikhúsi.

Umræður í lokin

Gætum við þurft að ná í eld í dag, eins og mennirnir í sögunni?

Er líklegt að við sjáum bjarndýr á Íslandi nú?

Bjarndýrið gaf mannum mjólk og í staðin gaf maðurinn bjarndýrinu kjöt. Ef einhverjum er gefið eitthvað á hann þá að gefa til baka?

Hefði sagan átt að vera einhvern vegin öðruvísi? Hvernig?

Björn á börn

Bls. 148

Álög

- Hvað eru álög?
- Er björn maður í álögum?
- Hvað er að vera í álögum?
- Hvernig veit ég hvort einhver er í álögum?
- Eru álög vond eða góð?
- Til hvers eru álög?
- Hver býr til álög?

- Get ég búið til álög?
- Getur allt verið álög?
- Hvað gera álög?
- Hver ræður yfir álögum?
- Er vont að vera í álögum?
- Erum við mennirnir í álögum?
- Eru börn bjarndýr í álögum?

Verkefni:

Leika ævintýri þar sem álög eru í sögunni, til dæmis Þyrnirós

Aumur/Aumlega

- Hvað er að bera sig aumlega?
- Hvað er ef einhver er aumur?
- Er það alveg það sama að vera aumur og veikur?
- Hvenær er maður aumur?
- Hvernig veit einhver að hann er aumur?

- Er gott eða vont að vera aumur?
- Getur einhver fundið þegar hann er aumur? Hvernig?
- Sér maður þegar einhver er aumur? Hvernig?
- Getur einhver hætt að vera aumur? Gjóta
- Getur björn átt börn? Hvernig? Sbr. söguna.

Hvað er að gjóta?

- Hverjir gjóta?
- Er það alveg það sama að gjóta og fæða barn?

Að breytast í eitthvað annað

- Er hægt að breytast í eitthvað annað? Hvernig?
- Hverjir geta breyst í eitthvað annað?

Geta ... breyst	Já	Nei	Hvernig?
Hestar			
Fiskar			
Bílar			
Fjöll			
Fólk			
Boltar			
Steinar			
Skór			
Fjöll			
Skógur			
Blóm			

- Ef einhverjum bregður breytist hann þá í eitthvað annað?
- Getur einhver breyst í bjarndýr?

Umræður í lokin

Getur þessi saga gerst í dag?

Hvernig finnst ykkur sagan?

Finnst ykkur að þessi saga geti gerst á Akureyri eða Íslandi?

Gæti sagan verið öðruvísi? Hvernig?

Ferðir/verkefni:

Fara á bókasafn, skoða og lesa bækur um bjarndýr. Fara í heimsókn á Náttúrugripasafn og virða bjarndýr fyrir sér.

Mála og búa til bjarndýr úr ýmsum efnivið, t.d. pappamassa, leir eða trölladeigi.

Selshamurinn

Bls. 48

- Laglegur
- Hvað er að vera laglegur?
- Hvernig verður maður laglegur?
- Geta allir verið laglegir?
- Er eins að vera laglegur og fallegur?
- Hver ræður því hvort einhver er laglegur?
- Geta steinar verið laglegir?
- Geta fuglar verið laglegir?

- Geta blóm verið lagleg?
- Getur einhver hætt að vera laglegur?
- Er gott eða vont að vera laglegur?
- Er einhver bara laglegur þegar hann er ungur? (Sbr. söguna)
- Getur gamalt fólk ekki verið laglegt?
- Er hægt að hætta að vera laglegur?

Allsber

- Hvað er að vera allsber?
- Má vera allsber úti á götu?
- Hvar má vera allsber?
- Má ekki vera allsber allstaðar?
- Er ég allsber ef ég er ekki í neinu, en er með húfu á höfðinu?
- Geta dýr verið allsber?
- Er himinn allsber?
- Eru bílar allsberir?
- Er gott eða vont að vera allsber?
- Gerist eitthvað ef ég fer allsber út í snjó?
- Er hættulegt að vera allsber?

Verkefni:

Að börnin fái tilfinningu fyrir því þegar hörund er bert með því að ganga berfætt í snjó, grasi, sandi eða vatni. Næst fara þau í sokka og að lokum í skó og prófa hvernig tilfinningin er þá.

Það sama má gera með hendurnar. Í því verkefni geta þau snert mismunandi efni með berum höndum, vettlingum eða jafnvel með plasthönskum (poka).

Börnin nudda fæturna hvert á öðru með kremi.

Gráta

- Hvað er grátur?
- Hvenær græt ég?
- Hvaðan kemur grátur?
- Er asnlegt að gráta?
- Hvernig veit ég að einhver er að gráta?
- Er vont eða gott að gráta?
- Til hvers er gráturinn?
- Geta dýr grátið?
- Getur sólin grátið?
- Geta fjöll grátið?
- Getur allt fólk grátið?
- Er hægt að gráta af gleði?
- Get ég stjórnað því hvort ég græt?
- Er hægt að búa til grát?
- Er hægt að mála grát?

Verkefni:

Finna hljóðfæri sem gefur tón sem líkist gráti.
Mála grátandi andlit.
Skoða bækur þar sem persónur eru grátandi.

Gleyma

- Hvað er að gleyma?
- Hvernig gleymir maður?
- Hvenær gleymir maður?
- Hvernig veit ég að ég hef gleymt einhverju?
- Er hægt að gleyma öllu?
- Er gott eða vont að gleyma?

- Geta dýr gleymt einhverju?
- Geta allir gleymt einhverju?
- Get ég ráðið því hvort ég gleymi?
- Hvar gleymi ég?
- Af hverju gleymir maður?
- Er hægt að gleyma því sem maður gleymir?
- Er hægt að hætta að gleyma?

Hverfa

- Hvað er það þegar eitthvað hverfur?
- Hvernig veit ég að eitthvað er horfið?
- Getur einhver horfið? Hvernig?
- Hver getur látið einhvern hverfa?
- Hvert fer sá sem hverfur?

- Er gott eða vont að hverfa?
- Get ég látið eitthvað hverfa?
- Getur það sem ég heyri horfið?
- Getur það sem ég sé horfið?
- Til hvers hverfur eitthvað?
- Getur einhver sem hverfur komið aftur?

Hverjir geta horfið:	Já	Nei	Hvernig
Getur fólk horfið?			
Geta dýr horfið?			
Getur vatn horfið?			
Getur sólin horfið?			
Getur blóm horfið?			
Getur hús horfið?			
Geta föt horfið?			
Geta skip horfið?			
Geta útlönd horfið?			

Forvitni

- Hvað er forvitni?
- Hvaðan kemur forvitni?
- Hvernig veit ég að eitthvað er forvitni?
- Til hvers er forvitni?
- Má einhver vera forvitinn?
- Er forvitni góð eða vond?

- Getur forvitni meitt einhvern?
- Geta tré verið forvitin?
- Geta dýr verið forvitin?
- Get ég ráðið forvitni?
- Hvað gerir forvitni?
- Eru allir forvitnir?

Hugga

- Hvað er að hugga einhvern?
- Má hugga?
- Hvernig huggar maður?
- Hvernig veit maður hverja þarf að hugga?
- Hverja getur maður huggað?
- Þarf að hugga? Af hverju?

- Er það eins að hugga einhvern og vera góður við hann?
- Hvað gerist ef maður huggar einhvern?
- Getur verið hættulegt að hugga einhvern?
- Er hægt að hugga dýr?
- Er hægt að hugga vindinn?
- Er hægt að hugga sand?
- Er vont að hugga einhvern?

Verkefni:

Unnið með ýmis verkefni sem tengjast vináttu og hjálpssemi.

Börnin nudda fæturna hvert á öðru með kremi.

Börnin búa til sögu/ljóð um vináttu og kærleika.

Allir sitja í hring og eiga að segja eitthvað fallett við barnið sem situr næst þeim og svo koll af kolli.

Börnin flétta vinabönd og gefa hvort öðru.

Leikið leikrit um Mjallhvít og dvergana sjö.

Bls. 49.

Heppni

- Hvað er að vera heppinn?
- Geta allir verið heppnir?
- Hvernig verður maður heppinn?
- Getur maður sé heppina?
- Getum við séð ef einhver verður heppinn?
- Hvernig?
- Hvernig er heppinn á litin?
- Getum við málað hana?
- Getum við hætt að vera heppin?

Verkefni:

Fara í ýmis spil s.s. myndalottó, hljóðalottó, luddó o.fl. Ræða um heppni.

Umræður um söguna

Hvernig finnst ykkur sagan?

Geta selir verið fólk í álögum?

Er hægt að eiga sjö börn í sjó og sjö börn á landi?

Ferðir/verkefni:

Fara á bókasafn, skoða og lesa bækur um seli. Fara í heimsókn á Náttúrugripasafn og virða seli fyrir sér.

Mála og búa til seli úr ýmsum efnivið t.d. pappamassa, leir eða trölladeigi.

Gæti sagan verið öðruvísi? Hvernig?

Þjóðsögur

- Hvernig saga er þjóðsaga?
- Eru þjóðsögur eins og aðrar sögur? Hvernig?
- Hvernig eru þjóðsögur öðruvísi en aðrar sögur?
- Hvað segja þjóðsögur okkur?
- Getum við búið til þjóðsögu?
- Eru þjóðsögur vondar eða góðar?

